

37. tbl.
19. október 2022
29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

Leikdeild Eflingar



Nú er komið að því!

Gauragangur á Breiðumýri

Allir áhugasamir um leikstarf eru hvattir til að mæta á kynningu/samlestur á Breiðumýri

Hvenær - miðvikudagur 26. október kl. 19:30

Búið er að ráða Jennýju Láru Arnórsdóttur leikstjóra sem mun kynna leikverk vetrarins, æfingaplan og fleira.

Við óskum eftir þátttöku sem flestra, hvort sem þeir hafa áhuga á því að standa á sviðinu eða vera á bak við tjöldin

Hlökkum til að sjá ykkur
Leikdeild Umf. Eflingar





Sunnudagaskóli Nesi

23. október klukkan 11:00

Loksins er komið að því!

Sunnudagaskóli verður í Nesi næstkomandi
sunnudag 23. október klukkan 11:00.

Söngur, brúðuleikrit, leikir og sögur.

Sérstök sunnudagaskólahressing á eftir (Djús og Skúffukaka).

Hlökkum til að sjá ykkur.

Tora og Þorgrímur.

Jólamarkaður í Vaglaskógi.

Árlegur jólamarkaður í samstarfi Skógræktarinnar á Vöglum og handverksfólks í Þingeyjarsveit verður haldinn laugardaginn 10. desember n.k. í Vaglaskógi.

Handverksfólk og aðrir sem áhuga hafa á að sýna og selja sínar vörur á markaðnum vinsamlegast hafið samband við Rúnar í síma/netfang 896-3112/runar.isleifsson@skogur.is fyrir 8. nóvember n.k.

Takmarkað pláss í boði.
Skógræktin Vöglum



KÓTILETTUR - KÓTILETTUR - KÓTILETTUR

ÞAÐ ER VARLA HÆGT AÐ NEFNA GÓMSÆTARI HAUSTMAT EN KÓTILETTUR Í RASPI MEÐ KARTÖFLUM, RAUÐKÁLI OG GRÆNUM!

Kótileturfimmtudagskvöldin okkar hefjast aftur þann 20. október. Kótiletur og meðlæti frá kl. 18:00-19:30, eða á meðan birgðir endast, alla fimmtudaga.

Verðið er 3.000 krónur og 2.000 krónur fyrir börn 12 ára og yngri.

Við mælum eindregið með því að panta í síma 464-4411 fyrir kl. 18:00 á miðvikudögum.

Kærar kótiletukveðjur frá starfsfólki Jarðbaðanna og við hlökkum til að sjá ykkur!



Slægjufundur 2022!

Fyrsta vetrardag, laugardaginn 22. október, verður hinn árlegi Slægjufundur haldinn í félagsheimilinu Skjólbrekku í Mývatnssveit og hefst klukkan 14:30. Dagskrá með hefðbundnu sniði og sameiginlegt kaffihlaðborð þar sem allir leggja eitthvað til og að sjálfsögðu verður kaffi, te og djús á staðnum. Vinsamlegast athugið að það verður ekki kökubasar eins og síðastliðin ár.

Sjáumst hress á Slægjufundi og gleðjumst í góðra vina hópi.

Slægjuball 2022!

Er ekki kominn tími til að dilla sér og dansa fram á nótt? Slægjuballið 2022 fer fram föstudagskvöldið 21. október í Skjólbrekku. Stórglæsilega ballhljómsveitin Færibandið sér um dúndrandi dansstemningu og byrja þeir að spila klukkan 23:00.

Enginn bar er á staðnum svo endilega nestið ykkur vel.

Miðaverð aðeins 3000 kr. en ATH: enginn posi er á staðnum.

Vonum að sjá sem flesta og endilega látið orðið berast svo enginn missi af þessum stórskemmtilega viðburði!

Leikskólaliði- og stuðningsfulltrúi

Námið er kennt á 4 önnum og útskrifast nemendur sem leikskólaliðar og/eða stuðningsfulltrúar að námi loknu

Sveigjanlegt fjarnám með staðlotum. Hentar vel með vinnu

Raunfærnimat í boði til styttingar á námsleið



Stuðningsfulltrúar eru m.a. að:

- Aðstoða nemendur við að vera virkir í skólastarfi
- Aðlaga verkefni að getu nemanda
- Styrkja jákvæða hegðun nemenda
- Aðstoða nemendur við athafnir daglegs lífs ef þörf er á
- Styðja nemendur í félagslegum samskiptum
- Aðstoða við þátttöku í tómstundastarfi

Námið hefst í nóvember

Leikskólaliðar eru m.a að:

- Aðstoða börn við athafnir daglegs lífs og ýta undir sjálfstæði þeirra
- Stuðla að listsköpun, hreyfingu, vettvangsferðum og markvissri málörvun
- Veita börnum með sérþarfir stuðning í daglegu starfi undir leiðsögn sérkennara/deildarstjóra
- Leikskólaliðar starfa samkvæmt aðalhámskrá við uppeldi, kennslu og umönnun leikskólabarna í samstarfi við aðra starfsmenn leikskólans

Fyrir nánari upplýsingar er hægt að hafa samband á hac@hac.is eða í síma 464-5100



Þekkingarnet
Þingeyinga



Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Verðskrá:

<i>Hálfsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 4.200– m.vsk</i>
<i>heilsíðuauglýsing</i>	<i>kr. 6.100.–m vsk.</i>

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir
s. 8953386

Söngstund í fjárhúsum

Sönghópurinn Veirurnar
undir stjórn Margrétar Hrafnisdóttur



Hvar er sungið ?

Föstudaginn 21. okt. kl. 20:30

Syðri Brekka í Húnavatnssýslu

Laugardaginn 22. okt. kl. 15:00

Ingjaldsstaðir í Pingeyjarsveit

Laugardaginn 22. Okt kl. 20:30

Brekkukot í Skagafjarðarsýslu



Messa á Einarasstöðum

Sérstök kvöldmessa verður verður

í Einarasstaðakirkju

næstkomandi sunnudag, 23. október kl. 20:00.

Eðalsöngvarinn Ívar Helgason syngur

einsöng og séra Þorgrímur verður með fallega predikun.

Verið öll velkomin!

Séra Þorgrímur.



Messuheimsókn í Mývatnssveit

Guðsþjónusta verður í **Reykjahlíðarkirkju** næstkomandi sunnudag **23. október klukkan 14:00.**

Kirkjukór Húsavíkur heimsækir okkur ásamt presti og syngja með okkur heimamönnum messu og fagna með okkur vetrarbyrjun. sr. Sólveig Halla Kristjánsdóttir predikar og þjónar fyrir altari ásamt sóknarpresti.

Komum og eigum notarlega stund í kirkjunni.

sr. Örnólfur